Drög að samþykktum fyrir *Hollvini Dunhaga* í Tálknafirði

Þau atriði sem þarfnast umræðu og samþykktar eru með skáletruðum texta

1. grein.
Félagið heitir *Hollvinir Dunhaga*. Heimili þess og varnarþing er í Tálknafirði.
2. grein.
Markmið samtakanna er að annast fjármögnun endurbóta og viðhalds á húsinu Dunhaga og stuðla að áframhaldandi menningarstarfsemi í húsinu til að tryggja framtíð þess. Jafnframt er markmið samtakanna að safna saman sögu hússins og halda henni til haga.
Þessu markmiði hyggst félagið ná,

- *með því að* standa að viðburðum til fjáröflunar fyrir endurbótum og viðhaldi hússins í samstarfi við eigendur þess
- með því að leita að hagstæðasta verði og/eða fjármögnun í það efni og þann búnað sem þarf, eftir því sem hægt er að finna hverju sinni
- með öflun og varðveislu sögu hússins svo sem með myndum og frásögnum

3. grein.
Félagsaðild er öllum frjáls, einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Aðilar að félaginu teljast þeir er greiða árgjald samtakanna.
4. grein.
Stjórn samtakanna skal *skipuð 5 mönnum* kosnum úr hópi félagsmanna á aðalfundi til tveggja ára í senn, en þó skal kosið um 2 stjórnarmenn á sléttri ártölu og 3 stjórnarmenn á oddatölu. Einnig *skal kjósa 2 varamenn í stjórn og tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára. Þess skal gætt að í það minnsta einn stjórnarmaður sé íbúi í Tálknafirði. Varamenn í stjórn mega sitja alla stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.*
Stjórn skiptir með sér verkum, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður boðar til stjórnarfunda þegar þurfa þykir, eða þegar einn stjórnarmaður óskar þess. Stjórnarfundir eru ályktunarfærir ef meirihluti stjórnar mætir. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.
Í verkahring stjórnar er m.a. að:
a) halda aðalfund.
b) varðveita félagaskrá samtakanna.
c) innheimta og ráðstafa árgjöldum, fjárframlögum og öðrum tekjum sem samtökin afla með ályktanir/tillögur aðalfundar og markmið samtakanna að leiðarljósi.
d) gera félagsmönnum kleift að fylgjast með og eiga hlutdeild í starfsemi samtakanna.

5. grein.
Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Til hans skal boðað með útsendum tölvupósti og/eða bréflega til skráðra félagsmanna með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum.
6. grein.
Dagskrá aðalfundar skal vera:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Áritaðir reikningar félagsins frá fyrra ári (sem telst almanaksárið).
3. Lagabreytingar (ef þeirra var getið í fundarboði).
4. Kosning til stjórnar og varamanna.
5. Kosning skoðunarmanna.
6. Árgjald samtakanna ákveðið.
7. Önnur mál.

7. grein.
Félagsfundi skal boða svo oft sem þurfa þykir og er stjórninni skylt að efna til þeirra ef

fjórðungur félagsmanna fer fram á það og tilgreinir fundarefni.
Félagsfundi skal *boða með útsendum tölvupósti og/eða bréflega til skráðra félagsmanna með minnst 3 sólarhringa fyrirvara.* Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

8. grein.

Fundum skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Ef ágreiningur verður um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri, en hann getur skotið ágreiningsefni undir atkvæði fundarmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum, nema þar sem öðruvísi kann að vera ákveðið í samþykktum þessum.

9. grein.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda hafi tillögur þar að lútandi borist til stjórnar áður en aðalfundur er auglýstur og þeirra getið í fundarboði. Á aðalfundi er heimilt að gera breytingartillögur við löglega framkomnar tillögur til breytinga á samþykktum samtakanna, enda feli breytingatillögur ekki í sér óskyld efni við upprunalegu tillögurnar.
Til að breyting á samþykktum samtakanna nái fram að ganga þarf hún að vera studd 2/3 hluta greiddra atkvæða. Um leið og samþykkt er breyting á samþykktum samtakanna skal ákveða hvenær breytingin tekur gildi.

10. grein.

Ef áform verða um að slíta samtökunum,skal það borið undir almennan félagsfund. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur og er í fundarboði greinilega skýrt frá áformum um slit samtakanna. Ákvörðun um slit þarf að hljóta samþykkis minnst 2/3 fundarmanna. *Verði slit samtakanna samþykkt skulu eignir þess, ef einhverjar eru, ganga óskiptar til viðhalds á Dunhaga. (menningarstarfs í Dunhaga)*

11. grein.

Samþykktir þessar öðlast gildi þegar þær eru samþykktar á stofnfundi og undirritaðar af stjórn samtakanna.
Samþykkt á stofnfundi samtakanna sem haldinn var í Dunhaga á Tálknafirði.....